

Mál nr. 22/2011**M****og****Vátryggingfélagið X v/ábyrgðatryggingar bifreiðarinnar A****Ágreiningur um bakmeiðsl við umferðarslys þann 05.08. 2008.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 18.01. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 07.02. 2011, ásamt fylgiskjöllum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Atvik málsins voru með þeim hætti að hjólbardi datt undan bifreiðinni A sem var með hjólhýsi í eftirdragi. Fór bifreiðin ekki út af veginum en að sögn ökumanns féll hún niður. Ekki er minnst á slys á fólki í frumskýrslu lögreglu eða að M hafi verið farþegi í bifreiðinni sbr. nánar gögn málsins.

Vátryggingfélagið hafnar greiðsluskyldu. Það telur ósannað að M hafi orðið fyrir meiðslum í umrætt sinn. Sönnunarbyrði um orsakatengsl milli slyssins og líkamstjóns hvíli á M. M hafi ekki aflað sér matsgerðar eða annarrar sönnunar um orsakatengsl og því er afstaða félagsins sú að M hafi ekki slasast í umræddu umferðaróhappi. M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af takmörkuðum gögnum máls þessa er ósannað að M hafi orðið fyrir meiðslum við umrætt umferðaróhapp.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 15. febrúar 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.